

Trúnaðarmannaráð Sameykis

Dags. 21.04.2020	Kl. 13:15	Staður: Grettisgata og fjarfundabúnaður
Fundarboðari: KEA	Fundarritari: ISF	

- 13:15 – 13:20 Ávarp formanns og fundur settur
Árni Stefán Jónsson
- 13:20 – 13:35 Félagsmálin á nýjum tímum
Árni Stefán Jónsson
- 13:35 – 13:50 Staðan í kjarasamningsviðunum
Árni Stefán og Garðar Hilmarsson
- 13:50 – 14:30 Efnahagsaðgerðir vegna Covid-19 gagnvart launafólki og áherslur BSRB
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur BSRB
- 14:30 – 14:35 Hlé
- 14:35 – 15:15 Hin hliðin á Covid
Haukur Ingi Jónasson, lektor og sálgreininir
- 15:15 – 15:30 Orlofshúsin í sumar
Ása Clausen

1. Ávarp formanns – Árni Stefán

Árni Stefán setti fundinn og fór yfir dagskrá fundarins, hann var staddur á Grettisgötu 89 ásamt Garðari Hilmarssyni, Þórarni, Jakobínu og Kristínu Ernu. Trúnaðarmenn hlusta og horfa á fundinn á Zoom fjarfundarbúnaði. Árni fór yfir hvernig trúnaðarmenn geta komið með spurningar á spjallþræði á Zoom.

2. Félagsmálin á nýjum tímum

Árni Stefán fór yfir stöðuna í félagsmálum á veirutímum. Aðalfundi hefur verið frestað ótímabundið, en skýrsla og reikningar eru tilbúnir. Ársskýrsla verður send til allra trúnaðarmanna í pósti en rafrænt til félagsmanna. Stofnun ársins hefur líka verið frestað, hátíð átti að vera í maí og henni hefur verið frestað til 14. október. Hátíðin og málþing verður haldið með sama sniði og áður. 1. maí hátíðarhöld verða ekki venjubundin. BSRB og ASÍ eru í samstarfi við RÚV um vinnslu á þætti sem verður sýndur eftir fréttir 1. maí. Sameyki vinnur að gerð efnis sem mun birtast á vef Sameykis með 1. maí þema. Námskeið – boðið hefur verið upp á vefnám og fyrirlestra.

Árni fór yfir hvernig starfsemi á skrifstofu Sameykis er nú háttað, en BSRB húsinu var lokað fyrir almenna umferð 16. mars. Ýmist er unnið heima eða á skrifstofunni aðra hvora viku. Fundarhöld hafa

verið á Teams, kjarasamningar eru einnig undirskrifaðir og kynntir á fjarfundum. Í framtíðinni verða þessir fjarfundamöguleikar nýttir áfram.

Unnið er að endurbótum á húsnæði á meðan á þessu ástandi varir.

3. Staðan í kjarasamningsviðræðunum

Árni sagði að þessi samningalota er búin að vera ansi erfið og löng. Stytting vinnuvikunnar, sérstaklega stytting vaktavinnufólks hefur tekið tíma sinn.

Hann fór yfir þá kjarasamninga sem enn á eftir að klára. Ás styrktarfélag klárast vonandi á föstudag. Félagsbústaðir, þar er byrjað að funda og gert ráð fyrir góðu gengi. Fríhöfnin, fundarhöld dattu niður um tíma en nú er búið að taka upp þráðinn. Þar er nýtt landslag, allt starfsfólk er í 25% vinnu á móti hlutabótum frá ríkinu. Innheimtustofnun sveitarfélaganna, þar er ekki byrjað á viðræðum. Klettabær, sem er einkafyrirtæki í umönnun, samningur er langt kominn og gert ráð fyrir undirritun í vikunni. Orkuveitan, samningur hefur verið undirskrifaður og atkvæðagreiðsla er í gangi. Rarik, samningafundur í dag og nánast búið að klára hann. RÚV, þar byrja viðræður mjög fljótlega. Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, viðræður eru byrjaðar, þar eru m.a. Grund, Hrafnista, Sjálfsbjörg, SÁÁ og fleiri, samningur miðaður við samning við ríkið, því það er gerður þjónustusamningur milli ríkis og þessara fyrirtækja. Skálatún, sá samningur tekur mið af samningi við sveitarfélögin, viðræður eru hafnar. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, viðræður eru ekki byrjaðar, eru í biðröð hjá ríkinu. Vinakot, samningur undirritaður í vikunni.

Stytting vinnuvikunnar – skipa á vinnutímanefnd við hverja stofnun eða einingu í haust. Hjá dagvinnufólki er auðveldara að innleiða styttinguna en hjá vaktavinnufólki. Einn fulltrúi frá heildarsamtökum launafólks á vinnustaðnum, BSRB, BHM og ASÍ. Svo verður einn fulltrúi frá stjórnendum. Því gæti nefnd verið skipuð 3 frá fulltrúum launþega og 1 stjórnenda. Um vaktavinnufólkið – það er flókið fyrirkomulag, róttækar og miklar breytingar að eiga sér stað. Árni benti á síðuna *betrivinnutimi.is* þar er hægt að prófa sig áfram með vaktarúllu og slíkt. Sameiginlegur stýrihópur sem stýrir þessu verkefni. Innleiðingarhópur verður skipaður, einn frá ríki, borg og sveitarfélögum.

Í dag eru ekki allir í 100% starfi, sumir treysta sér ekki í það en aðrir fá ekki. Við styttingu vinnuvikunnar fer sá sem var í 80% starfshlutfalli í yfir 90% hlutfall. Launasetning batnar við það. Enginn á að lækka í launum.

Spurning af spjallþræði, spurt um vaktavinnu, um 12 tíma vaktir. Árni sagði að þeir gætu komið út í mínus þegar þessu er stillt svona upp. Mögulegt er að breyta 12 tíma vöktum í 8 tíma vaktir og þá nást inn vaktahvati og frímínútur. Þetta verður skoðað vel og hvaða leiðir eru færar til að hindra að laun lækki.

Miðað er við að dagvinnufólk verði komið í styttingu um næstu áramót en vaktavinnufólk ekki síðar en 1. maí 2021.

Spurning af spjallþræði, hvað er eining fyrir vinnutímanefnd. Árni sagði að ekki er búið að ákveða það strax.

Spurning af spjallþræði, getur dagvinnufólk byrjað á styttingu í haust? Já, það er miðað við í síðasta lagi 1. janúar 2021.

Spurning af spjallþræði, hvenær verður farið í stofnanasamninga? Skv. kjarasamningi er hægt að taka upp stofnanasamninga annað hvert ár. Stundum er farið miðlægt í alla stofnanasamninga, eins og 2017 þegar innleiddar voru nýjar launatöflur. Nú er ekkert slíkt. Árni á ekki von á því að farið verði í stofnanasamninga fyrr en veiran og vinna við styttingu vinnuvikunnar er frá.

Hrós frá spjallvef um samning við Rvk.borg. Árni sagði góðan árangur í hækkun lægstu launa.

Spurning af spjallvef um orlofsdaga, þegar rúlla er tilbúin með einum frídegi aðra hverja viku, teljast þeir dagar með í sumarleyfi eða lengist sumarleyfi sem þessum dögum nemur? Árni sagði svo ekki vera.

4. **Efnahagsaðgerðir vegna Covid-19 gagnvart launafólki og áherslur BSRB**

Sigríður Ingibjörg hagfræðingur BSRB sagði að yfir 50.000 manns eru á atvinnuleysisbótum að fullu eða hluta, það er nærri fjórðungur íslensks vinnuafls. Sýnir hvað réttindakerfi er gott hjá okkur. Þeir sem eru í föstu ráðningasambandi njóta fullra réttinda. Það tók mörg ár að vinna úr hruninu, þetta er líka langtímaverkefni.

Sigríður ætlar að fjalla um:

Áhrif heimsfaraldursins á landsframleiðslu, atvinnustig og verðlag og gengi.

Aðgerðir stjórnvalda fyrir launafólk og heimili og fyrirtæki.

Áherslur BSRB.

Mikill efnahagssamdráttur verður á árinu 2020 en hagvöxtur að nýju strax á næsta ári. Ísland lendir verr í samdrætti heldur en önnur þróuð ríki vegna hás hlutfalls ferðapjónustu í sinni landframleiðslu. Atvinnuleysi – yfir 33.000 manns í hlutabótaúrræðinu og 17.000 í algjöru atvinnuleysi. Versta staðan á Suðurnesjum. Ríflega 2 milljarðar voru greiddir í bætur í febrúar og búist við 5,5 milljörðum í mars og 12 milljörðum í apríl.

Aðgerðir stjórnvalda – brugðist var hratt og vel við. Fljótt komu lausnir eins og laun í sóttkví og hlutaatvinnuleysisbætur. Lögin gilda til 1.júní 2020 og verða framlengdar ef á þarf að halda. Einnig var ákveðinn barnabótaauki fyrir alla, eingreiðsla til örorkulífeyrisþega og heimild til úttektar séreignarsparnaðar. Einnig er hægt að fá 100% endurgreiðslu á virðisaukaskatti til 31/12 2020 vegna vinnu við húsnæði og fleira. Í dag verða kynntar fleiri aðgerðir stjórnvalda.

Ýmis úrræði sveitarfélaga, leigufélaga og banka og lífeyrissjóða.

Fjölmargar aðgerðir fyrir fyrirtæki, markmiðið er að reyna að draga úr atvinnuleysi. Ríkisábyrgð á brúarlánnum, frestur á gjalddögum staðgreiðslu og tryggingagjalds, virðisaukaskatts og fasteignagjalda, einnig afnám gistináttgjalds út næsta ár.

Tímabundið fjárfestingaráttak, vegaf framkvæmdir og fleira, einnig markaðsátak í ferðapjónustu sem leggur til nær 12% af landsframleiðslunni. Settur var milljarður í heilbrigðiskerfið í sérstökum fjáráukalögum. Seðlabanki hefur lækkað vexti og aukið lausafé banka.

Áherslur BSRB -

- Heilbrigði og kjör launafólks í framlínu, eins og viðeigandi hlífðarbúnaður. Launafólk í framlínu fái greiðslur í samræmi við aukið álag í starfi. Einnig að gripið verði til fyrirbyggjandi aðgerða vegna langtímaáhrifa núverandi álags.
- Afkoma fólks verði tryggð, foreldrar komast jafnvel ekki í vinnu vegna skerts skólastarfs eða þjónustu við börn. Launafólk sem á hvorki rétt til laun né réttindi í samtryggingarsjóðum.
- Greiðslur almanna- og atvinnuleysistrygginga hækki og verði sambærileg við lífskjarasamningana.
- Fjárfestingar til framtíðar – aukin framlög til heilbrigðisstofnana, jafnir möguleikar og jöfn tækifæri kvenna og karla, endurmenntun, sjóðir til nýsköpunar, rannsókna og fl.
- BSRB hafnar niðurskurði í opinberri þjónustu

5. **Hin hliðin á Covid**

Haukur Ingi Jónasson með fyrirlestur um faraldurinn sem áfall sem við urðum fyrir.

6. **Orlofshúsin í sumar**

Ása Clausen fór yfir útleigu á orlofshúsum Sameykis í sumar. Margir eru tvístígandi með sumarið.

Ása sagði að 76 hús voru í boði í vikuleigu og alls 745 vikur í boði. 921 einstaklingar sóttu um, 4.283 valkostir í umsóknum, u.þ.b. 5 valkostir hjá hverjum. 533 fengu úthlutað skv. umsóknum miðað við valkosti í fyrstu 3 sætunum. Í gær opnaði fyrir dagleiguhús og þau vikuleiguhús sem eftir stóðu. Enn er eitthvað eftir af húsum. Ása hvatti trúnaðarmenn til að fara á orlofsvefinn og skoða orlofskosti fyrir sumarið.

Spurning af vef, er þrifið á milli gesta? Ása sagði að svo væri ekki, félagið treystir því að fólk þrifi eftir sig. Hún ráðlagði þó að gestir taki með sér sápu og spritt að heiman til öryggis. Enn eru húsin bara leigð út frá föstudögum til sunnudags, húsin fá því að „anda“ á milli gesta. Spurning af vef, er hægt að fá endurgreitt ef hætt er við leigu vegna veirunnar, já, Árni sagði svo vera.

Árni sagði að því miður voru tæknivandamál með þennan fund og aðeins 100 manns komust að þó Sameyki hefði verið búið að tryggja að allt að 500 manns ættu að komast að í einu. Upptaka af fundinum verður aðgengileg.

Fundi slitið kl. 15:25